FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/854 **2026/EES/53/28**

frá 7. maí 2025

um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2026, 2027 og 2028 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE ([1]), einkum 2. mgr. 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 ([2]) var komið á fót fyrstu samræmdu áætlun Bandalagsins til margra ára og náði hún yfir árin 2009, 2010 og 2011. Áætluninni hefur verið haldið áfram með síðari reglugerðum og sú nýjasta er framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/989 ([3]).

2) Þrjátíu til fjörutíu vörur eru uppistaðan í mataræði fólks í Sambandinu. Þar eð notkun varnarefna breytist umtalsvert á þriggja ára tímabili þarf að vakta varnarefnin í þessum vörum í röð þriggja ára tímabila svo unnt sé að meta váhrifin sem neytendur verða fyrir og beitingu löggjafar Sambandsins.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) birti vísindaskýrslu um mat á sniði vöktunaráætlunarinnar fyrir varnarefni ([4]). Hún komst að þeirri niðurstöðu að með því að velja 683 úrtakseiningar fyrir a.m.k. 32 mismunandi vörur væri unnt að meta þegar farið er meira en 1% yfir hámarksgildi leifa með 0,75% skekkjumörkum. Deila ætti söfnun þessara sýna niður á aðildarríkin í tengslum við íbúafjölda og taka að lágmarki 12 sýni á hverja vöru á hverju ári.

4) Tekið er mið af greiningarniðurstöðum úr fyrri opinberum eftirlitsáætlunum Sambandsins til að tryggja að þau varnarefni sem falla undir eftirlitsáætlunina séu dæmigerð fyrir varnarefnin sem eru notuð.

5) Aðildarríki ættu að nota samþykktar leiðbeiningar, s.s. staðlaða sýnalýsingu, 2. útgáfu, og viðmiðunarreglur um skýrslugjöf varðandi vöktun íðefna til að tryggja samræmda afhendingu upplýsinga frá þeim um niðurstöður úr varnarefnaleifagreiningu og gera Matvælaöryggisstofnuninni þannig kleift að vera með samanburðarhæfar niðurstöður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2025/854, 8.5.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2026 frá 5. júní 2026 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2005/396/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtíð. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2008/1213/oj).

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/989 frá 2. apríl 2024 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2025, 2026 og 2027 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi varnarefnaleifa og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2023/731 (Stjtíð. ESB L 2024/989, 3.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/989/oj).

([4]) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, „Pesticide monitoring program: Design assessment.“ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2015 13(2), 4005.

6) Að því er varðar sýnatökuaðferðir ætti tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB ([5]), sem nær yfir sýnatökuaðferðir og verklagsreglur sem Alþjóðamatvælaskrárráðið mælir með, að gilda.

7) Í samræmi við vinnuskjal frá stjórnarsviði framkvæmdastjórnarinnar fyrir heilbrigði og matvælaöryggi um að leggja saman magngreiningarmörk þegar um er að ræða flóknar skilgreiningar á leifum ([6]), ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir önnur virk efni, umbrotsefni og/eða niðurbrotsefni eða myndefni, ætti að greina sérstaklega frá þeim efnasamböndum svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

8) Nauðsynlegt er að meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 ([7]) og (ESB) 2016/128 ([8]) og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB ([9]), séu uppfyllt.

9) Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig ættu aðildarríki, þar eð ekki er víst að öll aðildarríki búi yfir þeim fullgiltu greiningaraðferðum sem krafist er, að geta sinnt skyldu sinni varðandi greiningu með því að senda sýni til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

10) Til að gera Matvælaöryggisstofnuninni kleift að meta tímanlega og taka saman tilkynntu niðurstöðurnar ættu aðildarríki að leggja fram, eigi síðar en 31. ágúst ár hvert, upplýsingar sem varða næstliðið almanaksár.

11) Til þess að komast hjá ruglingi vegna skörunar samfelldra áætlana til margra ára ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989 úr gildi. Þó ætti hún að gilda áfram um sýni sem prófuð eru árið 2025.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Aðildarríkin ([10]) skulu, á árunum 2026, 2027 og 2028, taka og greina sýni úr samsetningum af varnarefnum og vörum eins og sett er fram í I. viðauka.

([5]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/63/EB frá 11. júlí 2002 um sýnatökuaðferðir innan Bandalagsins við opinbert eftirlit með leifum varnarefna í og á vörum úr jurta- og dýraríkinu og niðurfellingu á tilskipun 79/700/EBE (Stjtíð. EB L 187, 16.7.2002, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2002/63/oj).

([6]) „Working Document on the summing up of LOQs in case of complex residue definitions“ (SANCO/12574/2014).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/127 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/127/oj).

([8]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/128 frá 25. september 2015 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi (Stjtíð. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 30, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2016/128/oj).

([9]) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB frá 5. desember 2006 um unnin matvæli með korn sem uppistöðu og barnamat fyrir ungbörn og smábörn (Stjtíð. ESB L 339, 6.12.2006, bls. 16, ELI: http://data.europa.eu/eli/dir/2006/125/oj).

([10]) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (e. Windsor Framework) (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87), í tengslum við 24. lið í 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er varðar þessa reglugerð, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. Aðildarríki skulu taka sýni eins og sett er fram í A-hluta II. viðauka og greina öll sýni, þ.m.t. úr matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum og vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap í samræmi kröfurnar um greiningu sem settar eru fram í B-hluta II. viðauka.

3. Aðildarríki skulu velja framleiðslulotuna, sem á að taka sýni úr, af handahófi.

Sýnatökuaðferðin og fjöldi eininga skulu vera í samræmi við tilskipun 2002/63/EB.

2. gr.

Aðildarríkin skulu leggja fram niðurstöður greininga á sýnum, sem hafa verið prófuð 2026, 2027 og 2028, eigi síðar en 31. ágúst 2027, 2028 og 2029, eftir því sem við á, á rafrænu skýrslusniði sem Matvælaöryggisstofnunin setur fram.

Ef skilgreining á leifum varnarefnis nær yfir fleiri en eitt efnasamband (virkt efni og/eða umbrotsefni eða niðurbrotsefni eða myndefni) skal gefa skýrslur um niðurstöður greininga í samræmi við tæmandi skilgreiningu á leifum. Skila skal niðurstöðum um öll greiniefni, sem eru hluti af skilgreiningu á leifum, hverjum fyrir sig svo fremi sem þau séu mæld hvert fyrir sig.

3. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/989 er felld úr gildi.

Þó skal hún gilda til 1. september 2026 um sýni sem prófuð eru árið 2025.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. maí 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Afurðir (1) úr jurtaríkinu (2) sem á að taka sýni úr 2026, 2027 og 2028

2026	2027	2028
a)	b)	c)
(0110020) Appelsínur (1)	(0151000) Vínber til neyslu (1)	(0130010) Epli (1)
(0130020) Perur (1)	(0163020) Bananar (1)	(0152000) Jarðarber (1)
(0162010) Kíví (1)	(0110010) Greipaldin (1)	(0140030) Ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar (1)
(0241020) Blómkál (1)	(0231030) Eggaldin (1)	Vín (rautt eða hvítt) úr (0151020) vínþrúgum (ef engir sérstakir vinnslustuðlar fyrir vín eru fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla fyrir vín sem eru notaðir).
(0220020) Laukar (1)	(0241010) Spergilkál (1)	(0251020) Salat (1)
(0213020) Gulrætur (1)	(0233010) Melónur (1)	(0242020) Höfuðkál (1)
(0211000) Kartöflur (1)	(0280010) Ræktaðir sveppir (1)	(0231010) Tómatar (1)
(0300010) Baunir (þurrkaðar) (1)	(0231020) Paprikur (1)	(0252010) Spínat (1)
(0500070) Rúgkorn (2)	(0500090) Hveitikorn (2)	(0500050) Hafrakorn (2), (3)
(0500060) Brún hrísgrjón (afhýdd hrísgrjón), skilgreind sem hrísgrjón eftir að hýðið hefur verið fjarlægt af hýðishrísgrjónum (4)	Jómfrúarólífuolía úr (0402010) ólífum til olíuframleiðslu (ef enginn sérstakur vinnslustuðull fyrir olíu er fyrir hendi er aðildarríkjum skylt að tilkynna um vinnslustuðla sem eru notaðir).	(0500010) Byggkorn (2), (5)

(1) Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.

(2) Ef ekki eru næg sýni úr rúg-, hveiti-, hafra- eða byggkorni til staðar er einnig hægt að greina rúg-, hveiti-, hafra- eða byggmjöl úr heilu korni og tilkynna skal um vinnslustuðul.

(3) Ef ekki eru næg sýni úr hafrakorni til staðar er hægt að bæta við þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir hafrakorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir byggkorn sem leiðir til færri sýna fyrir hafrakorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir byggkorn.

(4) Einnig er hægt að greina slípuð hrísgrjón, eftir því sem við á. Tilkynna skal hvort farið hafi fram greining á slípuðum eða afhýddum hrísgrjónum. Ef greining var gerð á slípuðum hrísgrjónum skal tilkynna um vinnslustuðul.

(5) Ef ekki eru næg sýni úr byggkorni til staðar er hægt að bæta þeim hluta af nauðsynlegum sýnafjölda fyrir byggkorn, sem var ekki hægt að taka, við sýnafjölda fyrir hafrakorn sem leiðir til færri sýna fyrir byggkorn og hlutfallslega aukins sýnafjölda fyrir hafrakorn.

(1) Vörukóðar í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.

(2) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

B-HLUTI

Afurðir (3) úr dýraríkinu (4) sem á að taka sýni úr 2026, 2027 og 2028

2026	2027	2028
f)	d)	e)
(1016020) Alifuglafita (1), (2)	(1012020) Nautgripafita (1), (2)	(1020010) Kúamjólk (3)
(1012030) Nautgripalifur (1)	(1030010) Hænuegg (1), (4)	(1011020) Svínafita (1), (2)

(1) Greina skal óunnar afurðir. Ef um er að ræða sýnatöku úr frystum afurðum skal tilkynna um vinnslustuðul, ef við á.
(2) Einnig má taka sýni úr kjöti í samræmi við töflu 3 í viðaukanum við tilskipun 2002/63/EB.
(3) Greina skal ferska (óunna) mjólk, sem og frysta, gerilsneydda, hitameðhöndlaða, dauðhreinsaða eða síaða mjólk.
(4) Greina skal heil skurnlaus egg.

C-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr jurtaríkinu

	2026	2027	2028	Athugasemdir
2,4-D	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á appelsínum, kíví, perum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, eggaldinum og spergilkáli árið 2027; í og á ferskjum, salati og tómötum árið 2028.
2-fenýlfenól	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á appelsínum, gulrótum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026; í og á greipaldinum og banönum árið 2027; í og á jarðarberjum árið 2028.
4-CPA	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum árið 2026; í og á eggaldinum, melónum, paprikum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á jarðarberjum árið 2028.
Abamektín	a)	b)	c)	
Asefat	a)	b)	c)	
Asetamípríð	a)	b)	c)	
Aklónífen	a)			Skal eingöngu greina í og á gulrótum árið 2026.
Akrínatrín	a)	b)	c)	
Aldíkarb	a)	b)	c)	
Aldrín og díeldrín	a)	b)	c)	
Ametóktradín	a)	b)	c)	
Asadíraktín	a)	b)	c)	

(3) Vörukóðar í samræmi við I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005.
(4) Þá hluta hrávaranna sem hámarksgildi leifa gilda um skal greina með tilliti til meginafurðar hóps eða undirhóps í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 396/2005, nema annað sé tekið fram.

Asínfosmetýl	a)	b)	c)	
Asoxýstróbín	a)	b)	c)	
Bensalkóníumklóríð	a)	b)	c)	
Bífentrín	a)	b)	c)	
Bífenýl	a)	b)	c)	
Bítertanól	a)	b)	c)	
Boskalíð	a)	b)	c)	
Brómíðjón	a)			Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026.
Brómóprópýlat	a)	b)	c)	
Búpírímat	a)	b)	c)	
Búprófesín	a)	b)	c)	
Kaptan	a)	b)	c)	
Karbarýl	a)	b)	c)	
Karbendasím og benómýl	a)	b)	c)	
Karbófúran	a)	b)	c)	
Klórantranilípról	a)	b)	c)	
Klóröt	a)	b)	c)	
Klórfenapýr	a)	b)	c)	
Klórmekvat	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á kartöflum, blómkáli, gulrótum, perum, rúgi, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2027; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, höfrum og byggi árið 2028.
Klóróþalóníl	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, kíví, kartöflum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á melónum, vínberjum til neyslu, banönum og eggaldinum árið 2027; í og á ferskjum, jarðarberjum, tómötum og salati árið 2028.
Klórprófam	a)	b)	c)	
Klórpýrifos	a)	b)	c)	
Klórpýrifosmetýl	a)	b)	c)	
Klófentesín	a)	b)	c)	
Klópýralíð		b)	c)	Skal eingöngu greina í og á vínberjum til neyslu, sperg-ilkáli og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á ferskjum, höfuðkáli, spínati og höfrum árið 2038.
Klóþíanidín	a)	b)	c)	
Koparefnasambönd	a)	b)	c)	
Sýantranilípról	a)	b)	c)	

Sýasófamíð	a)	b)	c)	
Sýflúfenamíð	a)	b)	c)	
Sýflúmetófen	a)	b)	c)	
Sýflútrín	a)	b)	c)	
Sýmoxaníl	a)	b)	c)	
Sýpermetrín	a)	b)	c)	
Sýprókónasól	a)	b)	c)	
Sýpródiníl	a)	b)	c)	
Sýrómasín	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á kartöflum, laukum, gulrótum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á eggaldinum, paprikum, melónum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á salati og tómötum árið 2028.
Deltametrín	a)	b)	c)	
Díasínón	a)	b)	c)	
Díklórvos	a)	b)	c)	
Díklóran	a)	b)	c)	
Díkóföl	a)	b)	c)	
Dídekýldímetýlamm-óníumklóríð	a)	b)	c)	
Díetófenkarb	a)	b)	c)	
Dífenókónasól	a)	b)	c)	
Díflúbensúrón	a)	b)	c)	
Dímetóat	a)	b)	c)	
Dímetómorf	a)	b)	c)	
Díníkónasól	a)	b)	c)	
Dífenýlamín	a)	b)	c)	
Díþíanón	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu árið 2027; í og á eplum, ferskjum og jarðarberjum árið 2028.
Díþíókarbamöt	a)	b)	c)	Skal greina í og á öllum vörum á skrá nema spergilkáli, blómkáli, höfuðkáli, ólífuolíu, víni og laukum.
Dódín	a)	b)	c)	
Emamektínbensóat B1a gefið upp sem emamektín	a)	b)	c)	
Endósúlfan	a)	b)	c)	
Epoxíkónasól	a)	b)	c)	

Etefón	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á appelsínum og perum árið 2026; í og á greipaldinum, melónum, paprikum, hveiti og vínberjum til neyslu árið 2027; í og á eplum, ferskjum, tómötum, byggi og víni árið 2028.
Eþíón	a)	b)	c)	
Etirímól	a)	b)	c)	
Etófenprox	a)	b)	c)	
Etoxasól	a)	b)	c)	
Etýlenoxíð	a)			Skal greina í og á þurrkuðum baunum og brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Famoxadón	a)	b)	c)	
Fenamídón	a)	b)	c)	
Fenamífos	a)	b)	c)	
Fenarímól	a)	b)	c)	
Fenasakín	a)	b)	c)	
Fenbúkónasól	a)	b)	c)	
Fenbútatínoxíð	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á appelsínum og perum árið 2026; í og á greipaldinum og vínberjum til neyslu árið 2027; í og á eplum, jarðarberjum og ferskjum árið 2028.
Fenhexamíð	a)	b)	c)	
Fenítróþíón	a)	b)	c)	
Fenoxýkarb	a)	b)	c)	
Fenprópatrín	a)	b)	c)	
Fenprópidín	a)	b)	c)	
Fenprópímorf	a)	b)	c)	
Fenpýrasamín	a)	b)	c)	
Fenpýroxímat	a)	b)	c)	
Fenþíón	a)	b)	c)	
Fenvalerat	a)	b)	c)	
Fípróníl	a)	b)	c)	
Flóníkamíð	a)	b)	c)	
Flúasífóp-P	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, blómkáli, þurrkuðum baunum, kartöflum, gulrótum og laukum árið 2026; í og á eggaldinum, spergilkáli og paprikum árið 2027; í og á jarðarberjum, höfuðkáli og spínati árið 2028.
Flúbendíamíð	a)	b)	c)	
Flúdíoxóníl	a)	b)	c)	
Flúfenoxúrón	a)	b)	c)	

Flúópíkólíð	a)	b)	c)	
Flúópýram	a)	b)	c)	
Flúpýradífúrón	a)	b)	c)	
Flúkinkónasól	a)	b)	c)	
Flúsílasól	a)	b)	c)	
Flútríafól	a)	b)	c)	
Flúxapýroxað	a)	b)	c)	
Fólpet	a)	b)	c)	
Formetanat	a)	b)	c)	
Fosetýl-Al	a)	b)	c)	
Fosþíasat	a)	b)	c)	
Glúfosínatammóníum	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, kartöflum, kíví, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, banönum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á ferskjum, jarðarberjum, höfuðkáli, eplum og salati árið 2028.
Glýfosat	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, kíví, þurrkuðum baunum, brúnum hrísgrjónum, rúgi, gulrótum og appelsínum árið 2026; í og á ræktuðum sveppum, vínberjum til neyslu, greipaldinum, eggaldinum og hveiti árið 2027; í og á eplum, ferskjum, jarðarberjum, höfuðkáli, salati, víni, spínati, höfrum og byggi árið 2028.
Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-P	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, kartöflum, gulrótum, blómkáli, laukum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á spergilkáli og hveiti árið 2027; í og á jarðarberjum og höfuðkáli árið 2028.
Hexakónasól	a)	b)	c)	
Hexýþíasox	a)	b)	c)	
Imasalíl	a)	b)	c)	
Imídaklópríð	a)	b)	c)	
Indoxakarb	a)	b)	c)	
Ípródíón	a)	b)	c)	
Ípróvalíkarb	a)	b)	c)	
Ísókarbófos	a)	b)	c)	
Ísófetamíð	a)	b)	c)	
Ísópróþíólan	a)			Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Kresoxímmetýl	a)	b)	c)	
Lambda-sýhalótrín	a)	b)	c)	
Línúrón	a)	b)	c)	

Lúfenúrón	a)	b)	c)	
Malaþíón	a)	b)	c)	
Malínhýdrasíð	a)			Skal eingöngu greina í og á laukum og kartöflum árið 2026.
Mandíprópamíð	a)	b)	c)	
Mefentríflúkónasól	a)	b)	c)	
Mepanípýrím	a)	b)	c)	
Mepíkvat	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, blómkáli, kartöflum, þurrkuðum baunum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, paprikum, ræktuðum sveppum og hveiti árið 2027; í og á eplum, víni, jarðarberjum, byggi og höfrum árið 2028.
Metaflúmísón	a)	b)	c)	
Metalaxýl og metalaxýl-M	a)	b)	c)	
Metamítrón	a)	b)	c)	
Metamídófos	a)	b)	c)	
Metíðaþíón	a)	b)	c)	
Metíókarb	a)	b)	c)	
Metómýl	a)	b)	c)	
Metoxýfenósíð	a)	b)	c)	
Metrafenón	a)	b)	c)	
Mónókrótófos	a)	b)	c)	
Mýklóbútaníl	a)	b)	c)	
Nikótín	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, laukum, kartöflum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, ræktuðum sveppum og paprikum árið 2027; í og á eplum, ferskjum, jarðarberjum, salati, spínati og tómötum árið 2028.
Ómetóat	a)	b)	c)	
Oxadixýl	a)	b)	c)	
Oxamýl	a)	b)	c)	
Oxaþíapíprólín	a)	b)	c)	
Oxýdemetónmetýl	a)	b)	c)	
Paklóbútrasól	a)	b)	c)	
Paraþíónmetýl	a)	b)	c)	
Penkónasól	a)	b)	c)	
Pensýkúrón	a)	b)	c)	
Pendímetalín	a)	b)	c)	
Permetrín	a)	b)	c)	

Fosmet	a)	b)	c)	
Pírimíkarb	a)	b)	c)	
Pírimífosmetýl	a)	b)	c)	
Próklóras	a)	b)	c)	
Prósýmídón	a)	b)	c)	
Prófenófos	a)	b)	c)	
Própamókarb	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á perum, gulrótum, blómkáli, laukum, kartöflum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á vínberjum til neyslu, melónum, banönum, eggaldinum, spergilkáli, papriku, og hveiti árið 2027; í og á jarðarberjum, höfuðkáli, spínati, salati, tómötum og byggi árið 2028.
Própargít	a)	b)	c)	
Própíkónasól	a)	b)	c)	
Própýsamíð	a)	b)	c)	
Prókínasíð	a)	b)	c)	
Prósúlfókarb	a)	b)	c)	
Próþíókónasól	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á gulrótum, laukum, rúgi og brúnum hrísgrjónum árið 2026; í og á papriku og hveiti árið 2027; í og á höfuðkáli, salati, tómötum, höfrum og byggi árið 2028.
Pýmetrósín		b)	c)	Ekki skal greina það í eða á neinni afurð árið 2026. Skal eingöngu greina í og á eggaldinum, melónum og paprikum árið 2027; í og á salati, jarðarberjum, spínati og tómötum árið 2028.
Pýraklóstróbín	a)	b)	c)	
Pýretrín	a)	b)	c)	
Pýridaben	a)	b)	c)	
Pýridalýl	a)	b)	c)	
Pýrimetaníl	a)	b)	c)	
Pýriproxýfen	a)	b)	c)	
Kínoxýfen	a)	b)	c)	
Spínetóram	a)	b)	c)	
Spínósað	a)	b)	c)	
Spíródíklófen	a)	b)	c)	
Spírómesífen	a)	b)	c)	
Spíroxamín	a)	b)	c)	
Spírótetramat	a)	b)	c)	
Súlfoxaflór	a)	b)	c)	

Táflúvalínat	a)	b)	c)	
Tebúkónasól	a)	b)	c)	
Tebúfenósíð	a)	b)	c)	
Tebúfenpýrað	a)	b)	c)	
Teflúbensúrón	a)	b)	c)	
Teflútrín	a)	b)	c)	
Terbútýlasín	a)	b)	c)	
Tetrakónasól	a)	b)	c)	
Tetradífón	a)	b)	c)	
Þíabendasól	a)	b)	c)	
Þíaklópríð	a)	b)	c)	
Þíametoxam	a)	b)	c)	
Þíódíkarb	a)	b)	c)	
Þíófanatmetýl	a)	b)	c)	
Tólklófosmetýl	a)	b)	c)	
Tríadímefón	a)	b)	c)	
Tríadímenól	a)	b)	c)	
Tríasófos	a)	b)	c)	
Trísýklasól	a)			Skal eingöngu greina í og á brúnum hrísgrjónum árið 2026.
Trífloxýstróbín	a)	b)	c)	
Tríflúmísól	a)	b)	c)	
Tríflúmúrón	a)	b)	c)	
Trímetýlsúlfónplúsjón	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á appelsínum, perum, blómkáli, brúnum hrísgrjónum og þurrkuðum baunum árið 2026; í og á greipaldinum, vínberjum til neyslu, banönum, eggaldinum, paprikum, höfuðkáli, laukum, höfrum og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á eplum, ferskjum og jarðarberjum árið 2028.
Trínexapak	a)	b)	c)	Skal eingöngu greina í og á appelsínum og rúgi árið 2026; í og á hveiti og ræktuðum sveppum árið 2027; í og á eplum, jarðarberjum, byggi og höfrum árið 2028.
Vínklósólín	a)	b)	c)	
Soxamíð	a)	b)	c)	

D-HLUTI

Samsetningar af varnarefnaleifum og vörum sem ber að greina í eða á vörum úr dýraríkinu

	2026	2027	2028	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	f)	d)	e)	
Bensalkóníumklóríð	f)	d)	e)	
Bífentrín	f)	d)	e)	
Klóröt	f)	d)	e)	
Klórdan	f)	d)	e)	
Klórmekvat	f)	d)	e)	
Klórpýrifos	f)	d)	e)	
Klórpýrifosmetýl	f)	d)	e)	
Koparefnasambönd	f)	d)	e)	
Sýpermetrín	f)	d)	e)	
DDT	f)	d)	e)	
Deltametrín	f)	d)	e)	
Díasínón	f)	d)	e)	
Dídekýldímetýlammóníumklóríð	f)	d)	e)	
Endósúlfan	f)	d)	e)	
Famoxadón	f)	d)	e)	
Fenvalerat	f)	d)	e)	
Fípróníl	f)	d)	e)	
Glúfosínatammónium	f)	d)	e)	
Glýfosat	f)	d)	e)	
Heptaklór	f)	d)	e)	
Hexaklóróbensen	f)	d)	e)	
Hexaklórósýklóhexan (HCH, alfa-hverfa)	f)	d)	e)	
Hexaklórósýklóhexan (HCH, beta-hverfa)	f)	d)	e)	
Indoxakarb			e)	Skal eingöngu greina í og á kúamjólk árið 2028.
Lindan	f)	d)	e)	
Mefentríflúkónasól	f)	d)	e)	
Mepíkvat	f)	d)	e)	
Metoxýklór	f)	d)	e)	
Paraþíón	f)	d)	e)	
Pendímetalín	f)	d)	e)	
Permetrín	f)	d)	e)	
Pírimífosmetýl	f)	d)	e)	

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Fjöldi sýna og sýnataka úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap og matvælum sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum

1. Lágmarksfjöldi sýna sem skal taka úr hverri vöru og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í I. viðauka (á ári úr hverri vöru) skal vera eftirfarandi:

BE	15	LT	12
BG	15	LU	12
CZ	15	HU	15
DK	12	MT	12
DE	106	NL	20
EE	12	AT	15
IE	12	PL	51
EL	15	PT	15
ES	55	RO	22
FR	78	SI	12
HR	12	SK	12
IT	75	FI	12
CY	12	SE	15
LV	12	UK(NI) (1)	12

HEILDARFJÖLDI SÝNA: 683

(1) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. Windsor-samningsins (e. Windsor Framework) (sjá sameiginlega yfirlýsingu Sambandsins og Breska konungsríkisins nr. 1/2023 í sameiginlegu nefndinni sem komið var á fót með samningnum um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu frá 24. mars 2023 (Stjtíð. ESB L 102, 17.4.2023, bls. 87), í tengslum við 24. lið í 2. viðauka við þennan samning, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er varðar þessa reglugerð, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

2. Til viðbótar við 1. lið skal hvert aðildarríki taka og greina með tilliti til varnarefna sem eru skráð í C- og D-hluta I. viðauka eftirfarandi:

2026	2027	2028
Fimm sýni úr ungbarnablöndum og fimm sýni úr stoðblöndum	Tíu sýni úr barnamat með korn sem uppistöðu	Tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn, öðrum en ungbarnablöndum, stoðblöndum og unnum barnamat með korn sem uppistöðu

3. Sýni úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap skulu tekin, eftir því sem unnt er, í hlutfalli við markaðshlutdeild þessara vara í hverju aðildarríki, eitt sýni að lágmarki og greind með tilliti til varnarefna sem eru skráð í C- og D-hluta I. viðauka.

4. Að því er varðar matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum skulu aðildarríki meta hvort þau hámarksgildi leifa í matvælum fyrir ungbörn og smábörn, sem kveðið er á um í 4. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/127, 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2016/128 og 7. gr. tilskipunar 2006/125/EB, séu uppfyllt, að teknu tilliti til einungis þeirra skilgreininga á leifum sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 396/2005. Við greiningu sýna úr vörum sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar samkvæmt fyrirmælum framleiðenda skal taka tillit til hámarksgilda leifa sem eru sett fram í tilskipun 2006/125/EB og framseldu reglugerðunum (ESB) 2016/127 og (ESB) 2016/128. Þegar neyta má slíkra matvæla bæði eins og þau eru seld eða endurgerð skal greina frá niðurstöðum greininga á vörunni eins og hún er seld.

B-HLUTI

Kröfur varðandi greiningu

1. Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við 1. lið A-hluta. Ef eigindlegar aðferðir til skimunar eru notaðar skal greina öll önnur sýni með megindlegum aðferðum til að finna margs konar efnaleifar.

   Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð til að magngreina niðurstöðurnar.

2. Að því er varðar aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig geta aðildarríki sent sýni sem skal taka og greina í samræmi við 1. lið A-hluta til opinberra rannsóknarstofa sem búa þegar yfir þeim fullgiltu aðferðum sem krafist er.

3. Viðmiðunarreglur varðandi „aðferðir við gæðaeftirlit og fullgildingu við greiningu varnarefnaleifa í matvælum og fóðri“ eru birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar ([1]).

([1]) Skjal SANTE/11312/2021 v2.